



Grein birt 31. desember 2010

Jóhanna Einarsdóttir

Á sömu leið

Starfendarannsókn á mótum leik- og grunnskóla

Í greininni er fjallað um starfendarannsóknina *Á sömu leið* sem fram fór í þremur grunnskólum og þremur leikskólum í Reykjavík. Hugtakið *starfendarannsókn* hefur verið notað yfir rannsóknir sem unnar eru af kennurum í skólum í þeim tilgangi að þróa og bæta eigið starf og skapa nýja þekkingu. Kennarar, sem taka þátt í slíkum rannsóknum, beina athyglinni að eigin starfsháttum, móta og prófa nýjar leiðir og gera athuganir á því hvernig til tekst með því að afla gagna sem síðan eru greind og túlkuð. Rannsóknin var samstarfsverkefni leikskóla- og grunnskólakennara og rannsakenda við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Markmið rannsóknarinnar var að stuðla að samstarfi kennara í leik- og grunnskólum, auka tengsl skólastiganna og skapa samfellu í námi ungra barna. Rannsóknin, sem hófst á vormisseri 2009, var unnin á vegum Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) í samstarfi við Leikskólasvið og Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Höfundur er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

On the same path: Action research on the bridge between playschool and primary school

The article presents an action research study *On the same path* that was conducted in three playschools and three primary schools in Reykjavik. Action research has been used to describe research conducted by teachers in schools with the aim of changing and improving their practices. Teachers who participate in action research focus on their own practices. New methods that are developed in part by the teachers themselves are tried out. Records are made of the actions that are taken, and data are gathered and analyzed throughout the study period. The study was collaboration between the participating teachers and researchers at The School of Education, University of Iceland. The aim of the project was to create a partnership between playschools and primary schools in Iceland and to promote educational continuity and flexibility in early childhood education. The study began in 2009 and was conducted under the auspices of *The Center for Research in Early Childhood Education* (RannUng) and the City of Reykjavik.

Inngangur

Á undanförunum tveimur áratugum hefur skólaganga íslenskra barna lengst þrátt fyrir að skólaskyldualdurinn hafi ekki breyst. Í dag sækja flest börn leikskóla frá tveggja ára aldri og hafa því mörg verið í skóla í fjögur ár þegar þau hefja grunnskólagöngu. Hlutverk

leikskóla hefur breyst frá því að vera annars vegar dagheimili fyrir forgangshópa og hins vegar hálf dags leikskólar í það að vera fyrsta skólastigið í skólakerfinu. Með lögum um leikskóla árið 1991 voru dagvistarheimili og dagheimili lögð niður og leikskólar tóku við uppeldi og menntun barna að skólaskyldualdri (*Lög um leikskóla* nr. 48/1991). Árið 1994 var leikskólinn skilgreindur sem fyrsta skólastigið (*Lög um leikskóla* nr. 78/1994).

Þrátt fyrir þetta hafa þau tímamót, þegar börn hætta í leikskóla og hefja grunnskólagöngu, oft á tíðum í för með sér miklar breytingar fyrir börn. Umgjörð þessara stofnana er ólík, félagslegt samhengi þeirra er nýtt fyrir börnin og námskröfur eru aðrar (Dockett og Perry, 2006, 2007; Jóhanna Einarsdóttir, 2006, 2007). Nokkur einhugur hefur verið um mikilvægi þess að auðvelda börnum grunnskólabyrjunina og flutninginn úr leikskóla í grunnskóla með því að skapa samfellu milli skólastiganna. Byggt er á þeirri sannfæringu að viðbrigðin við að fara úr leikskóla í grunnskóla verði minni ef börnin þekkja þær nýju aðstæður sem þau eiga að búa við, foreldrar fá upplýsingar um nýja skólann, skólinn fá upplýsingar um börnin og fyrra nám þeirra og byggt sé á fyrri reynslu þeirra (Dockett og Perry, 2004, 2006; Jóhanna Einarsdóttir, 2007; Kagan og Neuman, 1998; Pianta og Kraft-Sayre, 2003)

Samkvæmt lögum um leikskóla og grunnskóla ber sveitarfélögum að koma á gagnvirku samstarfi milli skólastiganna (*Lög um grunnskóla* nr. 91/2008; *Lög um leikskóla* nr. 90/2008.). Flestir leik- og grunnskólar hafa komið sér saman um leiðir til að tengja skólastigin í þeim tilgangi að veita börnum stuðning þegar þau fara úr leikskóla í grunnskóla ef marka má niðurstöður nýlegrar rannsóknar. Oftast fólust þær leiðir í að kynna starfsemi grunnskólans fyrir börnunum. Fátítt var að leitast væri við að skapa samfellu á milli skólastiganna eða að byggja á fyrri reynslu þeirra (Jóhanna Einarsdóttir, 2004).

Sú rannsókn, sem hér verður lýst, byggir á því sjónarmiði að ekki sé nægjanlegt að leikskólabörn viti hvers þau megi vænta þegar þau hefja grunnskólagönguna heldur þurfi skólaganga barna að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna í leikskóla nýtist þeim í grunnskóla. Þegar í grunnskóla sé komið fá börn því tækifæri til að takast á við ný verkefni og áskoranir sem byggja á þeirri reynslu og þekkingu sem þau hafi öðlast í leikskólanum. Markmið rannsóknarinnar er að stuðla að samstarfi kennara í leik- og grunnskólum, auka tengsl skólastiganna og skapa samfellu í námi ungra barna. Til að ná markmiðum rannsóknarinnar var farin sú leið að gefa leikskólakennurum og grunnskólakennurum í fyrstu bekkjum grunnskólans færi á að vinna saman til að öðlast sameiginlegan skilning á námi barna og þróa aðferðir sem henta báðum skólastigum. Í því skyni gerðu Leikskólasvið og Menntasvið Reykjavíkurborgar og Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) við Menntavísindasvið Háskóla Íslands með sér samning um starfendarannsókn (e. *action research*) um samfellu milli leik- og grunnskóla. Rannsóknin sem fékk heitið *Á sömu leið* hófst á vormisseri 2009.

Þátttakendur

Kennarar í þremur leikskólum og þremur grunnskólum í Reykjavík tóku þátt í verkefninu. Skólarnir voru valdir með markmiðsúrtaki og voru eftirfarandi atriði höfð til viðmiðunar:

- Kennarar og stjórnendur skólanna hafi áhuga á að taka þátt.
- Hugmyndafræði skólanna og skólagerðir séu ekki þær sömu.
- Nægjanlegt fagfólk sé starfandi í skólunum.
- Grunnskólarnir og leikskólarnir séu í nánd hver við annan.
- Skólarnir séu í ólíkum hverfum borgarinnar.

Leikskólasvið og Menntasvið Reykjavíkurborgar sáu um að kynna rannsóknina fyrir skólunum og bjóða þeim sem uppfylltu ofangreind viðmið þátttöku. Skólarnir, sem valdir voru, mynduðu eftirfarandi þrjú skólapör.

Á sömu leið: Starfendarannsókn á mótum leik- og grunnskóla

1. Vesturbæjarskóli – Dvergasteinn
2. Selásskóli – Rauðaborg
3. Norðlingaskóli – Rauðhóll

Kennurum barna í yngsta árgangi grunnskólanna og deildarstjórum á deildum elstu leikskólabarnanna var boðið að taka þátt í rannsókninni. Þeir áttu þess kost að fá verkefnið metið til eininga í framhaldsnámi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands (HÍ). Aðrir þátttakendur í verkefninu voru: Sex kennarar frá Menntavísindasviði HÍ, sem voru sérfræðingar á þeim sviðum sem skólarnir lögðu áherslu á, þrír meistaranemar, sem aðstoðuðu við rannsóknina og voru tengiliðir hver við sitt skólapar, ásamt undirritaðri sem stýrði og hafði yfirumsjón með rannsókninni. Einnig voru ráðgjafar á Leikskólasviði og Menntasviði Reykjavíkurborgar tengiliðir rekstraraðila (sjá *Töflu 1*).

Tafla 1 Þátttakendur í rannsókninni		
Skólapar I	Skólapar II	Skólapar III
Þrír leikskólakennarar	Tveir leikskólakennarar	Tveir leikskólakennarar
Tveir grunnskólakennarar	Tveir grunnskólakennarar	Einn grunnskólakennari
Sérfræðingur í læsi	Sérfræðingur í læsi	Sérfræðingur í stærðfræðimenntun
Sérfræðingur í leik	Sérfræðingur í leik	Sérfræðingur í leik
Tveir sérfræðingar í útikennslu		
Meistaraneimi	Meistaraneimi	Meistaraneimi
Stjórnandi verkefnisins	Stjórnandi verkefnisins	Stjórnandi verkefnisins

Starfendarannsóknir

Orðið starfendarannsókn er þýðing á því sem í ensku hefur oftast verið kallað *action research* eða *practitioner research* og á við rannsóknir, sem unnar eru af fagstéttum, svo sem kennurum í skólum, og miðar að því að þeir skoði starf sitt með það fyrir augum að bæta eigið starf og skapa nýja þekkingu. Kennarar, sem taka þátt í slíkum rannsóknum, beina athyglinni að eigin starfi, prófaðar eru nýjar leiðir sem kennararnir sjálfir taka þátt í að móta og gerðar eru athuganir á því hvernig til tekst með því að afla gagna sem síðan eru greind og túlkuð (Koshy, 2008; McNiff, Lomax og Whitehead, 2003). Kemmis og McTaggart (1988) lýsa starfendarannsóknum sem leið eða aðstæðum sem hópur fagfólks skipuleggur í því augnamiði að læra af eigin reynslu og gera þá reynslu aðgengilega fyrir aðra. Anderson, Herr og Nihlen (1994) leggja áherslu á að ferlið sé vel skipulagt og ígrundandi og með athugunum og skráningu séu færðar sönnur á það sem gerist meðan á ferlinu stendur.

Allt frá því að Kurt Lewin kynnti hugmyndina um starfendarannsóknir á fyrri hluta síðustu aldar hafa ótal mótél verið þróuð (Kemmis og McTaggart, 1988). Flest þeirra eiga það sameiginlegt að lýsa hring- eða spiralferli sem felur í sér:


1. Skipulag og undirbúning. Í upphafi eru núverandi starfshættir skoðaðir og teknar ákvarðanir um hverju þurfi að breyta. Þá eru ný vinnubrögð skipulögð. Skipulagið þarf að vera sveigjanlegt þannig að hægt verði að taka tillit til ófyrirsjáanlegra þátta.

2. Framkvæmd. Unnið er samkvæmt skipulaginu og ný vinnubrögð innleidd. Lögð er áhersla á starfendarannsóknir sem samvinnuverkefni.
3. Gagnaöflun. Fylgst er með því sem gert er og það skráð á skipulegan hátt. Þátttakendur safna gögnum um það sem er gert til þess að geta metið starfið á gagnrýninn hátt.
4. Ígrundun og mat. Þátttakendur leggja mat á starfið og ígrunda það á grundvelli reynslunnar og fyrirliggjandi gagna. Matið er síðan nýtt við áframhaldandi þróun og skipulag.
5. Kynning. Niðurstöður kynntar þannig að aðrir geti lært af þeim og að hægt sé að líta á niðurstöðurnar sem almenna þekkingu. Ný þekking er tengd við þá þekkingu sem fyrir er.

Sú rannsókn, sem hér er lýst, var samstarfsverkefni kennara á vettvangi og rannsakenda við Háskóla Íslands og fellur undir það sem kallað hefur verið á ensku *collaborative action research* eða *participatory research* (Ainscow, Booth og Dyson, 2004; Bello, 2006; Wagner, 1997). Frumkvæði að rannsókninni kom frá háskólakennurum sem tóku í upphafi ákvörðun um meginþema verkefnisins og settu ramma utan um það. Rannsóknarvinnan fól síðan í sér samvinnu milli rannsakenda og kennara við að bæta og þróa samvinnu milli skólastiganna og samfelli í námi barna og safna og greina gögn um starfið.

Rannsóknin

Í rannsókninni var leikskóla- og grunnskólakennurum gert kleift að þróa sameiginlegan skilning og samræmdar leiðir fyrir bæði skólastigin. Þeir beindu athyglinni að eigin starfi, unnu að því að móta og prófa nýjar starfsaðferðir og fylgdust með ferlinu. Hér verður rannsókninni lýst og því ferli sem fylgt var (sjá *Mynd 1*).



Mynd 1 – Ferli rannsóknarinnar.

Skipulag og undirbúningur

Skipulag og undirbúningur verkefnisins með þátttakendum hófst á vormisseri 2009 og stóð fram á haust. Þátttakendur hittust einu sinni í mánuði í húsnæði Menntavísindasviðs HÍ á þessu tímabili auk þess sem leikskóla- og grunnskólakennararnir hittust í sínum skól-

Á sömu leið: Starfendarannsókn á mótum leik- og grunnskóla

um á milli funda. Áður hafði þó farið fram töluverður undirbúningur að hálfu verkefnisstjóra við að skýra markmið rannsóknarinnar og hanna rannsóknarsniðið. Í upphafi var hugtakið starfendarannsókn kynnt þátttakendum og útbúinn bæklingur á íslensku þar sem fjallað var um þessa tegund rannsókna (Jóhanna Einarsdóttir, 2009). Kennarar, sem höfðu áður tekið þátt í starfendarannsóknnum, komu og kynntu reynslu sína fyrir þátttakendum. Einnig fjölluðu innlendir og erlendir fyrirlesarar um samfellu milli skólastiganna og kennararnir fengu í hendur lesefni um tengsl leikskóla og grunnskóla (Jóhanna Einarsdóttir, 2007).

Á þessu tímabili fengu kennararnir tækifæri til að hittast og ræða saman, ígrunda og kynna eigið starf og taka ákvörðun um það sem þeir vildu einbeita sér sérstaklega að í þessu verkefni. Mynduð voru þrjú pör þeirra leik- og grunnskóla sem áttu í samstarfi og voru kennarar innan hvers skólapars hvattir til að afmarka svið eða viðfangsefni til að vinna að. Lögð var áhersla á að kennararnir byrjuðu smátt og einbeittu sér að afmörkuðum þætti starfsins sem þeim fannst skipta máli og þeir vildu bæta eða breyta. Meginhugmyndin var sú að kennararnir spyrðu spurninga um eitthvað í starfinu sem væri mikilvægt fyrir þá og þeir vildu taka þátt í að endurskoða. Í sumum tilvikum kynntu kennararnir eigið starf fyrir samstarfsaðilunum með því að taka upp á myndband og sýna brot úr því sem þeir voru ánægðir með í sínu starfi í öðrum tilfellum sýndu þeir ljósmyndir úr starfinu og sögðu frá.

Eftir töluverðar umræður og vangaveltur var niðurstaðan sú að skólapörin völdu öll að einbeita sér að tengslum leiks og náms á mismunandi hátt (sjá *Mynd 2*). Rauðhóll og Norðlingaskóli hafa aðgang að náttúrulegu útivistarsvæði, Björnslundi, og var því tekin ákvörðun um að hafa náttúruna og útikennslu sem meginþemað, auk þess sem hópurinn hafði áhuga á því hvernig hægt væri að vinna með byrjendalæsi og leik. Í Vesturbæjarskóla er nokkur hefð fyrir fjölbreytni í stærðfræðikennslu og höfðu kennararnir áhuga á að þróa þann þátt meira. Leikskólakennararnir í Dvergasteini voru opnir fyrir þeirri hugmynd svo úr varð hugmynd um að einbeita sér að tengsl leiks og stærðfræði. Rauðaborg og Selásskóli komust fljótlega að þeirri niðurstöðu að beina kröftunum að byrjendalæsi, tjáningu og leik en Rauðaborg hafði lengi lagt áherslu á málörvun barnanna og byrjendalæsi var augljóslega stór þáttur í 1. bekk í Selásskóla. Þegar kennararnir höfðu tekið ákvörðun um viðfangsefni voru kallaðir til sérfræðingar Menntavísindasviðs HÍ á viðkomandi sviðum til að vinna með kennurinum.

Rauðhóll Norðlingaskóli	Rauðaborg Selásskóli	Dvergasteinn Vesturbæjarskóli
<ul style="list-style-type: none">• Leikur• Útikennsla• Byrjendalæsi	<ul style="list-style-type: none">• Leikur• Byrjendalæsi• Tjáning	<ul style="list-style-type: none">• Leikur• Stærðfræði

Mynd 2 – Áhersluþættir skólaparanna.


Þetta undirbúningstímabil var tími mikillar gerjunar og stundum nokkurs óöryggis. Skólarnir höfðu allir unnið saman við að tengja skólastigin, aðallega með heimsóknum leikskólabarnanna í skólana og sameiginlegum uppákomum, auk þess sem hjá einum hópnunum höfðu áður verið sameiginlegir starfsdagar. Hér var hins vegar rætt um hugmyndafræði, sannfæringu og starfsaðferðir sem gátu verið ólíkar milli kennara skólastiganna tveggja. Sumum leikskólakennurunum fannst t.d. grunnskólakennararnir ekki hafa skilning á mikilvægi þeirra starfs og teldu að þeir gætu hlaupið frá börnunum á fundi hvenær sem væri. Hugmyndir kennarahópanna um leik voru jafnframt nokkuð ólíkar. Fyrir leikskólakennarana tilheyrði leikurinn börnunum og þeir voru hikandi við að grípa inn í hann. Grunnskólakennararnir höfðu á hinn bóginn fæstir lagt sig eftir að kynna sér leik barna og sáu hann almennt ekki sem þátt í sínu starfi. Í báðum tilfellum aðgreindu kennararnir leik, nám og kennslu.

Framkvæmd

Á haustmisseri 2009 var hafist handa við að vinna með börnunum. Skólapörin prófuðu sig áfram og þróuðu viðfangsefni sem unnin voru með börnunum. Á mánaðarlegum fundum hittist hópurinn í heild ásamt sérfræðingum á Menntavísindasviði. Skólapörin hittust á milli funda ásamt sérfræðingunum og meistaranemunum sem voru tengiliðir. Fljótlega var ljóst að tengsl leiks og náms vafðist töluvert fyrir sumum þátttakendunum enda hafa hugtökin *leikur* og *nám* gegnum tíðina verið vandlega aðskilin í hugum fólks. Lítið hefur verið á leik sem afmarkað viðfangsefni sem tengt er bernsku barnsins, viðfangsefni sem skilur börn frá heimi fullorðinna og fullorðna frá heimi barna (Ailwood, 2003). Rík hefð er fyrir áherslu á leik í leikskólum þar sem hlutverk kennarans hefur fyrst og fremst verið að sjá til þess að börn fengju næði og byggju við aðstæður til að leika sér. Samkvæmt þessu sjónarmiði er ekki lítið á leik sem hluta af námsferlinu heldur lögð áhersla á að leikurinn sé frjál, ánægjulegur og áhyggjulaus. Nám hefur á hinn bóginn verið hugtak grunnskólans; lítið hefur verið svo á að raunverulegt nám ætti sér fyrst og fremst stað þegar fengist er við afmörkuð verkefni við sérstakar aðstæður sem oftast eru skipulagðar og stjórnað af kennara (Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Í leikskólunum, sem tóku þátt í rannsókninni, var leikurinn á forsendum barnanna á afmörkuðum tímum dagsins, sérstök elstu-barna-verkefni voru hins vegar yfirleitt á öðrum tímum og fólu í sér kennarastýrð verkefni þar sem börnin unnu saman í afmörkuðu rými. Lítið var um frjálsan leik í grunnskólunum, börnin fengu að leika sér í frímínútum og í kennslustundum þegar þau höfðu lokið við viðfangsefni sem sett höfðu verið fyrir.

Í þeim tilgangi að skapa umræður og vekja þátttakendur til umhugsunar um leik, nám og kennslu útbjóg og dreifði verkefnisstjóri bæklingi þar sem hugtakið *kennslufræðilegur leikur* (e. *educational play*) var kynntur (Jóhanna Einarsdóttir, 2010). Með kennslufræðilegum leik er leitast við að blanda saman leik og ákveðnum námsmarkmiðum. Hlutverk kennarans er að tengja námskrána og leikinn, örva sköpun og kynna nýja möguleika. Kennarinn þarf að vera vakandi fyrir áhuga barnanna og því sem gerist í leiknum og vinna nánar með það sem börnin fást við og jafnframt skapa sameiginlega reynslu sem nýtist í leiknum (Johnson, Christie og Wardle, 2005; Pramling Samuelsson og Johansson, 2006; Wood og Attfield, 2005). Þegar leið á verkefnið mátti sjá athyglisverðar tilraunir hjá kennarahópnum til að tengja leik og nám (sjá nánar).

Einnig voru kynntar hugmyndir Wood og Attfield (2005) um *námskrá sem byggist á samspili* þess sem kennarinn hefur í hyggju og þess sem börnin hafa í hyggju, sem áhugaverður valkostur á mótum leik- og grunnskóla. Námskrá, sem byggir á hvoru tveggja, þ.e. á áformum kennara og barna, felur í sér að kennarar bregðast við áformum og áhuga barnanna en skipuleggja jafnframt á markvissan hátt umhverfið, tímann og viðfangsefnið og velja efniviðinn í samræmi við það (sjá *Mynd 3*).



Mynd 3 – Námskrá þróuð í samstarfi kennara og barna.

Gagnaöflun

Til að fylgjast með því sem gert var og skrá ferlið voru kennurunum kynntar ýmsar aðferðir til athugunar og skráningar. Skráðum heimildum var einnig haldið til haga og viðtöl voru tekin við kennarana í upphafi og í lok verkefnisins. Hér verður gerð grein fyrir þeim aðferðum sem notaðar voru til að safna gögnum og fylgjast með starfinu.

1. *Skriflegar athuganir.* Kennararnir gerðu skriflegar athuganir og skráðu á ákveðnum tímum og meðan á ákveðnum verkefnum stóð. Tengiliðir og sérfræðingar sáu einnig um skráningar. Jafnframt voru útbúin skráningarblöð sem kennararnir gátu notað til að skrá ákveðna námsþætti.
2. *Myndbandsupptökur.* Kennararnir tóku í upphafi upp á myndband valda þætti úr starfinu, sem þeir voru ánægðir með, sem þeir síðan klipptu og sýndu hver öðrum. Í sumum hópunum skráðu þeir einnig breytingar og nýjungar, sem þeir stóðu fyrir, með myndböndum og sýndu á sameiginlegum fundum.
3. *Ljósmyndir* úr starfinu voru mikið notaðar til að sýna það sem gert var og þær breytingar sem áttu sér stað meðan á rannsókninni stóð.
4. *Dagbækur.* Kennurunum voru afhentar dagbækur í upphafi rannsóknarinnar þar sem þeir gátu skráð á óformlegan hátt ígrundanir sínar og vangaveltur, breytingar, sem þeir gerðu á starfinu, viðhorf sín og hvernig þeim leið. Dagbókin nýttist síðar til að minna á hvernig aðstæðurnar voru í upphafi og hvernig þær breyttust.
5. *Skráðar heimildir.* Haldið var til haga gögnum um skipulag skólastarfsins svo sem stundaskrá, bréfum til foreldra, sem og upplýsingar af heimasíðum skólanna.
6. *Viðtöl* voru tekin við kennarana í upphafi verkefnisins. Leikskólakennararnir voru spurðir að því hvað þeir álitu vera meginhlutverk leikskólans, hvort þeir teldu að lestur og stærðfræði ættu heima í leikskólanum og þá hvernig. Einnig voru þeir spurðir um starfið í 1. bekk grunnskólans. Á svipaðan hátt voru grunnskólakennararnir spurðir um hvað þeim fyndist að börn ættu að læra í 1. bekk og í leikskóla og hvað þeir teldu að væri ólíkt með leikskóla og grunnskóla.
7. *Upptökur frá fundum.* Umræður á sameiginlegum fundum þátttakenda voru teknar upp á segulband og afritaðar frá orði til orðs.

Ígrundun og mat

Bent hefur verið á að niðurstöður menntarannsókna nái oft ekki til kennara þar sem þær eru oftast unnar af rannsakendum í háskólum sem birta niðurstöður í tímaritum sem eru ekki lesin af starfandi kennurum. Starfendarannsóknir á hinn bóginn gefi kennurum tækifæri til að taka þátt í rannsókn sem hefur merkingu fyrir þá (Koshy, 2008). Kennarar, sem jafnframt eru rannsakendur, þekkja rannsóknarvettvanginn vel og hafa þörf fyrir rannsóknina og niðurstöðurnar. Rannsóknarspurningarnar, sem lagt er upp með, byggjast á persónulegri reynslu þátttakenda og meðan á rannsókninni stendur skoða þátttakendur og ígrunda eigið starf.

Færð hafa verið rök fyrir því að mestar líkur eru á að rannsóknir, sem fela í sér samstarf kennara á vettvangi (e. *insiders* – innanbúðarfólks) og rannsakenda utan frá (e. *outsiders* – utaðkomandi aðila), skili árangri og hafi áhrif á og bæti skólastarf (Ainscow, Booth og Dyson, 2004; Wagner, 1997). Rannsakendur koma þá inn í skólana og veita stuðning við rannsóknarvinnuna, aðstoða við gagnaöflun, draga fram þekkingu og sérkenni á hverjum stað og aðstoða við greiningu og kynningu niðurstaðna. Starfendarannsóknin *Á sömu leið* fól í sér samstarf kennara á vettvangi og rannsakenda við Háskóla Íslands. Slík samvinna er ögrandi verkefni fyrir báða hópa. Gerðar eru aðrar kröfur til fólks en almennt í rannsóknnum; valdaskipan verður með öðrum hætti en fólk á að venjast þegar rannsakendur koma inn í skólana sem sérfræðingar og gera sínar rannsóknir og kennararnir halda sínu striki eftir sem áður. Í samvinnurannsóknnum af þessu tagi leggur hver sitt af mörkum og þannig nýtist sérþekking beggja hópa.

Kennararnir, sem tóku þátt í þessari rannsókn, voru áhugasamir um verkefnið og lögðu sig fram um að ná því markmiði rannsóknarinnar að skapa samfellu milli leikskóla og grunnskóla. Þrátt fyrir það var þetta ferðalag ekki án hindrana fremur en aðrar ferðir. Kennararnir, sem tóku þátt, komu frá tveimur ólíkum skólastigum þar sem hefðir, hugmyndafræði og skipulag eru með ólíkum hætti. Skilningur á grundvallarhugtökum svo sem leik var ólíkur þótt báðir hópar virtust aðgreina leik, kennslu og nám. Önnur hindrun var tíminn. Kennararnir áttu í erfiðleikum með að finna sameiginlegan tíma til að hittast og láta verkefnið falla inn í daglegt skipulag. Þannig var tilhneiging til að aðgreina verkefnið frá daglegu starfi og námskrá skólanna. Þriðja hindrunin tengist skipulagi rannsóknarinnar sem var að frumkvæði rannsakenda HÍ sem buðu kennurunum til þátttöku. Í þeim tilvikum sem starfendarannsóknir eru að frumkvæði kennaranna sjálfra geta hlutverkin snúist við þannig að rannsakendur háskólans eru í bakgrunni í stað þess að hafa frumkvæðið og leiða verkefnið.

Starfendarannsókninni *Á sömu leið* er ekki lokið þótt formlegri gagnasöfnun á vettvangi sé að ljúka. Næstu skref fela í sér ígrundun og mat á verkefninu af hálfu allra þátttakenda. Kennararnir hafa einnig lýst því að þeir sjái verkefnið sem mikilvægt skref til frekara samstarfs milli skólastiganna.

Heimildir

Ailwood, J. (2003). Governing early childhood education through play. *Contemporary Issues in Early Childhood*, 4(3), 286–298.

Ainscow, M., Booth, T. og Dyson, A. (2004). Understanding and developing inclusive practices in schools: A collaborative action research network. *International Journal of Inclusive Education*, 8(2), 125–139.

Anderson, G. L., Herr, K. og Nihlen, A. S. (1994). *Studying your own school: An educator's guide to qualitative practitioner research*. Thousand Oaks: Corwin Press.

- Bello, E. E. (2006). Initiating a collaborative action research project: From choosing a school to planning the work on an issue. *Educational Action Research*, 14(1), 3–21.
- Dockett, S. og Perry, B. (2004). Starting school: Perspectives of Australian children, parents and educators. *Journal of Early Childhood Research*, 2(2), 171–189.
- Dockett, S. og Perry, B. (2006). *Starting school: A handbook for early childhood educators*. Castle Hill: Pademelon Press.
- Dockett, S. og Perry, B. (2007). *Transitions to school: Perceptions, expectations, experiences*. Sidney: UNSW Press.
- Johnson, J. E., Christie, J. F. og Wardle, F. (2005). *Play, development, and early education*. New York: Pearson.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2004). Frá leikskóla til grunnskóla. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1(1), 209–228.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2006). From pre-school to primary school: When different contexts meet. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 50(2), 165–184.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2007). *Lítil börn með skólatöskur: Tengsl leikskóla og grunnskóla*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, Rannsóknarstofa í menntunarfræðum ungra barna.
- Jóhanna Einarsdóttir. (2009). *Starfendarannsóknir*. Sótt 4. október 2010 af <http://www.stofnanir.hi.is/rannung/sites/files/rannung/UmStarfendarannsoknir.pdf>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2010). *Leikur og nám á mótum skólastiga*. Sótt 4. október 2010 af http://www.stofnanir.hi.is/rannung/sites/files/rannung/B%C3%A6klingurLeikurN%C3%A1m_0.pdf
- Kagan, S. og Neuman, M. (1998). Lessons from three decades of transition research. *The Elementary School Journal*, 98(4), 365–380.
- Kemmis, S. og McTaggart, R. (1988). *The action research planner* (3. prentun). Victoria, Ástralíu: Deakin University Press.
- Koshy, V. (2008). *Action research for improving practice: A practical guide*. London: Sage.
- Lög um grunnskóla* nr. 91/2008.
- Lög um leikskóla* nr. 48/1991.
- Lög um leikskóla* nr. 78/1994.
- Lög um leikskóla* nr. 90/2008.
- McNiff, J., Lomax, P. og Whitehead, J. (2003). *You and your action research project* (2. prentun). London: Routledge/Falmer.
- Pianta, R. C. og Kraft-Sayre, M. (2003). *Successful kindergarten transition*. Baltimore: Paul Brookes.
- Pramling Samuelsson, I. og Johansson, E. (2006). Play and learning—inseparable dimensions in preschool practice. *Early Child Development and Care*, 1, 47–65.

Wagner, J. (1997). The unavoidable intervention of educational research: A framework for reconsidering researcher-practitioner cooperation. *Educational Researcher*, 26(7), 13–22.

Wood, E. og Attfield, J. (2005). *Play, learning and the early childhood curriculum* (2. prentun). London: Paul Chapman.

Þakkir

Leikskólasvið og Menntasvið Reykjavíkurborgar veittu styrk til þessarar rannsóknar sem hér með er þakkaður. Greinarhöfundur þakkar einnig kennurunum sem tóku þátt í rannsókninni, sérfræðingum og meistaranemum fyrir gefandi samstarf.



Jóhanna Einarsdóttir. (2010).

Á sömu leið: Starfendarannsókn á mótum leik- og grunnskóla.

Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/017.pdf>